






Rannsóknarverkefni - skipulag.

Nafn verkefnis:	Köngulær		
Aðalnámssgrein/ar:	Náttúrfræði		
Aðrar námsgreinar:	Íslenska, myndlist		
Tímabil:	2-3 vikur	Bekkur:	1.-2. bekkur
Kennari/ar:			
Rannsóknarspurning:	Ættum við að bjarga köngulóm?		
Lykilþekking og skilningur: (Hæfniviðmið í aðalnámskrá sem á að kenna og meta).	<p>Sjá hæfniviðmið fyrir íslensku við lok 4. bekkjar: Talað mál, hlustun og áhorf á bls. 101. Lestur og bókmenntir á bls. 102-103. Ritun á bls. 103-104.</p> <p>Sjá hæfniviðmið fyrir náttúrgreinar við lok 4. bekkjar: Náttúra Íslands á bls. 174.</p>		
Persónuhæfni (Lykilhæfni sem á að kenna og meta).	<ul style="list-style-type: none">  Skapandi og gagnrýnin hugsun X  Tjáning og miðlun X  Sjálfstæði og samvinna X  Ábyrgð og mat á eigin námi X  Nýting miðla og upplýsinga X 		
Kveikja að verkefni: (Hvernig á að kveikja áhuga nemenda?)	<p>Kennari les grein úr Fréttablaðinu "Köngulær eru aldrei plága". https://www.mbl.is/frettit/innlent/2016/07/15/kongulaer_eru_aldrei_plaga/ Kennari skrifar upp allt sem nemendur vita um köngulær og hvað þeir vilja vita á KVL skjal í tölvunni sem er varpað á vegg. Umræður um hvað er rétt og rangt í að eyða köngulóm.</p>		
Samantekt á verkefni: (Hlutverk nemenda,	<p>Nemendur vinna í 2-3 manna hópum og kynna sér köngulær á Íslandi, mismunandi tegundir og hlutverk þeirra. Nemendur nota bækur og internetið við vinnu sína. Nemendur fara í vettvangsferð í umhverfi skólans og veiða</p>		

Rannsóknarverkefni - skipulag.

<p>rannsóknarefni, helstu viðfangsefni eða áskoranir, hvað er gert og tilgangur/nýting).</p>	<p>köngulær sem þeir taka með í skólann og setja í kassa til að fylgjast með atferli þeirra. Nemendur undirbúa spurningar áður en þeir heimsækja Náttúrfræðistofnun eða fá fund með náttúrufræðingi til að fræðast enn frekar um köngulær. Nemendur útbúa fræðslumyndband um köngulær þar sem þeir gera grein fyrir þekkingu sinni og svara rannsóknarspurningunni. Tími er gefinn fyrir æfingar í framsögn og tjáningu fyrir upptöku myndbandsins. Myndböndin eru send heim þar sem foreldrar og aðrir gestir fá að njóta. Hver og einn nemandi velur sér eina könguló sem hann kynnir sér sérstaklega, teiknar mynd af henni og skrifar upplýsingar um hana. Myndirnar eru settar upp á fræðslusýningu í lok verkefnis, helst á opinberum stað, s.s. bókasafni.</p>	
<p>Viðfangsefni og afrakstur: (Afmargað efni og hæfni sem á að meta).</p>	<p>Einstaklings: Nemandi velur sér eina tegund köngulóa á Íslandi sem hann teiknar upp og skrifar upplýsingar um hana með rannsóknarspurninguna til hliðsjónar.</p>	<p>Hóps: Hópurinn heldur dagbók þar sem hann skráir allt sem hann lærir um köngulær og hjálpar til við að svara rannsóknarspurningunni.</p>
<p>Kynning á verkefni: (Hvernig verður verkefnið kynnt, og verða gestir á kynningu, hverjir njóta góðs af verkefninu?)</p>	<p>Verkefnið verður kynnt á myndböndum sem send verða heim til foreldra þar sem rannsóknarspurningu er svarað, að auki er sett upp fræðslusýning um köngulær þar sem gestir geta fræðst um ólíkar tegundir köngulóa.</p>	
<p>Þjargir verkefnis: (Hvað þarf að vera til staðar, hvaða efniviður, fólk, fyrirtæki/stofnanir?)</p>	<p>Fólk, aðstaða: Sérfræðingur um köngulær, s.s. náttúrufræðingur.</p>	<p>Búnaður: Tæknibúnaður til að taka upp myndbönd. Tölvur til að nýta í verkefnavinnu.</p>
<p>Ígrundunaraðferðir: (Hvernig einstaklingar, vinnuhópurinn, og/eða allur bekkurinn ígrundar verkefnið í lokin).</p>	<p>Efniviður: Fræðsluefni um köngulær s.s. hljóðbók um köngulær, rafbók um köngulær og gagnvirk rafbók um köngulær á: https://mms.is/leit/?search=köngulær</p> <p>Dagbók/leiðarbók X Rýnihópur Bekkjargfundur X</p>	<p>Samfélagið: Fá leyfi til að setja upp fræðslusýningu</p> <p>Fiskabúrsumræður Könnun Önnur:</p>

Rannsóknarverkefni - skipulag.

Minnispunktur:	
-----------------------	--

Rannsóknaráætlun nemenda	
Verkefni:	Köngulær
Rannsóknarspurning:	Ættum við að bjarga köngulóm?
Viðfangsefni einstaklings Kynningar, framkoma, afrakstur og eða einstaklingsverkefni.	<ul style="list-style-type: none">✓ Einstaklingsverkefni um könguló, ritun og teikning.✓ Æfa framsögn og tjáningu fyrir kynningu.
Viðfangsefni hóps Kynningar, framkoma, afrakstur og eða sérstök verkefni.	<ul style="list-style-type: none">✓ Skrifar sameiginlega dagbók um verkefnavinnuna.✓ Undirbýr spurningar fyrir sérfræðing.✓ Tekur viðtal við sérfræðing✓ Vinnur að kynningu með gagnaöflun.✓ Æfir framsögn og tjáningu fyrir kynningu.✓ Setja upp fræðslusýningu.
Námsárangur/markmið Þekking, skilningur og önnur hæfni sem nemendur þurfa á að halda til að ljúka verkefni.	Fræðast um köngulær í því skyni að finna út hvort eigi að bjarga þeim. Hugsa á gagnrýninn hátt um lífsrétt köngulóa og ræða í hóp. Hæfni til samvinnu og samskipta. Hæfni í ritun og lestri.
Vörður/leiðsagnarmat til að athuga námsframvindu og tryggja að nemendur séu á réttri leið.	Leiðsagnarmat kennara varðandi einstaklingsverkefni, ritun og lestri. Leiðsagnarmat kennara á spurningar til sérfræðings. Uppbyggjandi jafningjamat á einstaklingsverkefni. Uppbyggjandi jafningjamat á framsögn og tjáningu. Dagbókarskrif hópsins.

Rannsóknarverkefni - skipulag.

Leiðsögn fyrir nemendur:

frá kennara, öðru starfsfólki, sérfræðingum;
þar með talið stuðningur, efni, kennsla tengd
lykilhæfni og hæfniviðmiðum.

Kennsla í dagbókarskrifum og ritun.

Kennsla í gerð fræðsluverkefnis, hvað þarf að koma fram í verkefninu.

Kennsla í framsögn og tjáningu.

Kennsla í upptöku fyrir kynningar á verkefnum.

Kennsla um uppbyggjandi jafningjamat.

Kennsla um að spyrja spurninga í þeim tilgangi að fá svar við rannsóknarspurningu.